

Lög

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

2. gr.

2. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur nýr málslíður er orðast svo: Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málslíður er orðast svo: Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 4. maí 2005.